

47

7. maí

VII. Almenn ákvæði.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa, skulu greiða gjöldin samkvæmt reglugjörð þessari til reikningshaldara strax og skipin hafa hafnað sig.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum er renna í hafnarsjóð.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. maí 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

48

28. maí

AUGLÝSING

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á viðauka og breytingum við lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar, 15. júní 1920.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfestur viðauki og breytingar á *lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað*, 15. júní 1920, er samið hefir bæjarstjórn nefnds kaupstaðar, svo sem hjer segir:

Aftan við 22. gr. kemur:

Nú álitur veganefnd, að síldarbryggjum, síldarpöllum eða öðrum mannvirkjum innan lögsagnarumdæmisins sje svo áfátt, að aðgerðar þurfi við, svo sem t. d. þegar göt eru á bryggjum eða síldarpöllum eða mannvirkin eru svo fúin eða sprungin, að þeim, sem fara um, geti að álitu veganefndar, stafað hætta af, þá getur bæjarstjórn heimtað af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, sem bæjarstjórnin telur þurfa, svo hättulaust sje.

Nú er aðgerðin ekki framkvæmd svo fljótt, sem bæjarstjórn telur þurfa, og getur hún þá látið aðgerðina fram fara á kostnað eigandans, og má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda mannvirkisins, og hvílir aðgerðin sem lögveð á eigninni á undan öðrum veðböndum.

Nú er eigandi eða umráðamaður mannvirkis, sem aðgerðar þarf, ekki viðstaddur í bænnum eða eigi næst til hans hjer á landi, og er þá bæjarstjórn heimilt að framkvæma aðgerðina á kostnað eigandans án tilkynningar.

46. grein breytist þannig:
Í stað Sgf komi Si.

48
23. maí

Aftan við 2. málsg. 57. gr. komi:

Á eftir orðinu „þeirra“ komi: En skylt skal þeim, er heldur samkomur þessar, að hafa minst tvo menn, sem lögreglustjóri útnefnir, sem dyraverði til þess að gæta reglu í og við samkomuhúsið.

1. málsgrein 61. gr., á eftir orðunum: „standa fyrir slíku“, orðist svo: „fá slökkviliðsstjóra eða einhvern þann, er hann tilnefnir úr slökkviliðinu, til þess að gæta þess, að öll eldfæri sjeu í lagi, og að eigi sje farið óvarlega með eld í húsinu, og ber þeim manni að vera minst tvo klukkutíma í húsinu eftir að samkomunni er slitið. Greiðir sá eða þeir, er skemtunina halda eða húsið hafa á leigu, kostnað þann, er af því leiðir til eftirlitsmanns“.

Ákvæði þessi öðlast gildi 1. júlí 1923.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1923.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.